

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr .../...

frá [...]

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir flughæfni- og umhverfissvottun loftfara og skyldra framleiðsluvara, íhluta og tækja, svo og um vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almennt flug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu¹ (hér á eftir nefnd "grunnreglugerðin), og einkum 5. og 6. gr. reglugerðarinnar.

Með hliðsjón af reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 1702/2003 frá 24. september 2003, um setningu framkvæmdareglna fyrir flughæfni- og umhverfissvottun loftfara og skyldra framleiðsluvara, hluta og tækja, svo og um vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja²,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í málsgrein 21.1 í Viðauka við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr 1702/2003 er reglunni um höfuðstöðvar komið á.
- (2) Bæði landsyfirvöld flugmála og rekstraraðilar fóru fram á að skilgreint yrði hugtakið höfuðstöðvar til að afstýra misskilningi sem kann að koma upp ef stjórnvaldið er ekki vandlega skilgreint.
- (3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum Flugöryggisstofnunarinnar³ í samræmi við greinar 12(2)(b) og 14(1) í grunnreglugerðinni.
- (4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit⁴ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 54(3) grein grunnreglugerðarinnar.
- (5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr 1702/2003 ætti því að breyta samkvæmt því;

¹ Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og Ráðsins Nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur á sviði borgaralegs flugs og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. (OJ L 240, 7.9.2002, p.1)

² OJ L 243, 27.9.2003, bls.6. Reglugerðinni var síðast breytt með Reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) 706/2006 frá 8. maí 2006 (OJ L 122, 9.5.2006, bls. 16).

³ Álitsgerð 5/2005, sbr: http://www.easa.eu.int/home/opinions_en.html

⁴ [to be issued]

SETT REGLUGERÐ ÞESSA:

Grein 1

Eftirfarandi staflið (c) er bætt við málsgrein 21.1 í Viðauka við Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 1702/2003:

“(c) Í sambandi við markmið reglugerðar þessarar og með tilliti til fyrirtækja sem þessi viðauki nær til, er gengið út frá því í reglugerð þessari að höfuðstöðvar séu það aðsetur stofnunar eða fyrirtækis þar sem starfsfólk það sem tilgreint er í 21.A125(b)3 sinnir störfum sínum, samanber Hluta 21, Kafla F, og þar sem flestallt starfsfólkið sem tilgreint er í málsgrein 21A.145(c) stýrir, hefur eftirlit með eða samhæfir tæknilega starfsemi sína og tryggir þar með að fyrirtækið standist kröfurnar sem tilgreindar eru í Hluta 21, Kafla G.

Grein 2

Reglugerð þessi skal öðlast gildi daginn eftir útgáfu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Meðlimur framkvæmdastjórnar